

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Reyðarfirði



Dags eftirlits	20.6.2012	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Rónaldur H Zegers	Staðsetning	725312,177	512055,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fannst eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi en engin athugasemd var gerð við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Reyðarfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Í nýlegu starfsleyfi stöðvarinnar er gerð krafa um mælingu á olíuleifum í fráveitu á þriggja ára fresti, ef eftirlit og viðhald með olíuskiljum eru með fullnægjandi hætti. Síðast var mælt árið 2010. Bæta má skráningar á mælingum og eftirliti með olíuskilju.

Tíu geymar eru í stöðinni og hafa allir nema T0008 verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Geymir T0008 er 378 m³ uppréttur geymir frá 1976 og var hann síðast botnþykktarmældur árið 2001.

Aðrir geymar og lagnir eru í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Sandblástur á lágréttum bensíngeymum stóð yfir þegar komið var í eftirlit, og því uppsafnaður sandur í bensínþrónni. Þrifa þarf þróna, fráveitulagnir og olíuskilju að framkvæmdum loknum. Lokar í olíuþrónum stóðu lokaðir eins og kröfur eru um. Girðingar og hlið voru í lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók eru til staðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi um eftirlitsmælingar.	Botn og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst tíu ára fresti. Botnþykktarmæla skal geymi T0008

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við stöðina.

ANNAÐ

Olíudreifing hefur útbúið mánaðarblöð til skrásetningar á skoðunum og mælingum í stöðinni, t.d. fyrir skráningu mælinga sem gerðar eru í sandfangi og olíuhólfi í olíuskilju. Mælst er til þess að umsjónarmenn stöðvarinnar skrái mælingar á mánaðarblöð og þau séu aðgengileg í eftirliti.

Reykjavík, 09.07.2012

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.